

VIÐ VILJUM HUGARFARSBYLTINGU!

- Við höfnum jafnrétti sem felur í sér rétt kvenna til að fá að vera eins og karlar
- Við höfnum misrétti í hvaða mynd sem er
- Við höfnum núverandi mati á störfum kvenna
- Við höfnum sífaukinni miðstýringu
- Við höfnum sundurslitnum skóladegi barna og öllu þeirra aðstöðuleysi í þjóðfélaginu
- Við höfnum þeim kostum og kjörum í húsnæðismálum sem okkur standa nú til boða
- Við höfnum stóriðju
- Við höfnum öllum hernaðarbandalögum

- Við viljum kvenfrelsi sem felur í sér rétt kvenna til að vera metnar á eigin forsendum til jafns á við karla
- Við viljum samfélag þar sem allir, konur, karlar og börn á hvaða aldri sem er eru jafnvirtir og jafnréttháir einstaklingar
- Við viljum að störf kvenna á vinnumarkaðnum verði endurmetin og að starfsreynsla húsmæðra verði metin til launa hefji þær launuð störf
- Við viljum aukna valldreifingu - að valdið færist til fólksins í landinu
- Við viljum samfelldan skóladag í íslenskum grunnskólum og að dagvistarheimili verði raunverulegur valkostur fyrir börn og foreldra
- Við viljum aukið framboð á leiguhúsnæði og betri lánakjör til íbúðarkaupa
- Við viljum atvinnu- og virkjanastefnu sem miðar við okkar eigin þarfir - okkar sem byggjum þetta land
- Við viljum frið

ÞAÐ HEFUR SÝNT SIG AÐ PEGAR KONUR VINNA SAMAN
GETA ÞÆR GERT KRAFTAVERK ! ERT ÞÚ MEÐ Í SLAGINN?

Samtök um kvennalista X-V

X-V